# Einar Bachmann, bréf ritað til Bjarna Benediktssonar vegna slyss, ódagsett

Bjarni Benediktsson Einar Bachmann, bréf ritað til Bjarna Benediktssonar vegna slyss – uppsögn – rafvirki – fjögra manna fjölskyldu fyrir að sjá

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmálamaðurinn
Askja 2-3, Örk 5

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Þar sem ég varð fyrir þeim
erviðleikum s.l. vetur í desember
að slasast, þá vinnandi hjá
R.R. og um áramótin fékk
ég beina uppsögn, hef ég þrá-
sinnis farið þess á leit að ég
fengi eitthvert starf þar þar sem
ég bjóst við að tekin yrði til
greina afstaða mín, bæði að ég er
rafvirki en í því kerfi sem ég vann
(spennistöðvakerfinu) er mér kunnugt
um að enginn er rafvirki, og að
ég hef fjögra manna fjölskyldu
fyrir að sjá og hefi af alhug
barist á móti því að leita hjálpar
en þar vinna menn sem hafa fyrir
færri að sjá en hef unnið þar
sem iðnaðarmaður af og til síðan 1925
Ég hef talað við forráðamenn RR
og ýmist fengið flemmings undanhalds
svör eða verið vísað til undir-
verkstjórans

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ingv.-E. Íselals en hvort sem það hefur verið í hagsmunaskini hans eða duttlungar, þá hefir hann synjað mér með hvatskalegum svörum vitandi það að hér var um að ræða smá ráði og sama manninum sem hann svo oft hefir tekið áður til eigin framkvæmda – en á kostnað RR í bíli? Svo í maí s.l. er ég barðist við nægð og fvísýnast var að mér tekist að afla brýnustu nauðsynja – og ég hafði fengið ítrekaðra lokunar-tilkynningar frá RR og lögtaks ógrun bæjarsjóðs, þá tókst mér loks að fá kost á að tjúka að nokkru leiti við það starf sem mér var ætlað í vetur s.l og ég slasaðist frá en var ógert enn þá gerði þessi áðurnefndi undirit verkstjóri all fölskulega tilraun að ég fengi það ekki, um ástæðu

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

er mér ókunnugt nema ef vera kynni
að ég hafði átti orð á því við Borgarritara
að utanbæjarmaðurinn lausa væri kominn að
starfi hjá RR að ráði hans, og hann
var að sjálfsögðu látinn hætta vinnu
annars eru fyrri kynni mín af honum
þau að afstaða hans hefði að engu
þurft að snerta mig sem fagmann
né heldur hagsmuni RR, því hótun
um uppsögn hef ég oft fengið af
hans hálfu af geðofsa eða öðrum
litið afsakanlegri tilfellum; til dæmis:
s.l. haust er ég vann við að smíða
reiðhjólaskúr fyrir kunningja hans
hér í bæ sem tók mest læsingarsmíði-
-ni í aðra viku, mátti ég þá þola
af honum meiri ósvífni en boðlegt
þætti þeim sem ekki ~~vinna~~ lifa og starfa
í þrælsótta. Ég tel víst að hann
hafi samið um greiðsluna við RR
af lausum tímum til að gera þessum

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

kunnugja frekar kleift að koma
áfram smíðinni, en mér sagði hann
að setja þessa vinnu konto spenni-
stöðva RR — en í áheyrn samverka-
-manna minna lét hann í ljósi hve
léleg afköst min væru við spenni-
-stöðvar sem eg hafði þá aldrei unnið
handtak í, og honum var fullkunnugt
eins eftir hálfgerðum felu og skrípa-
-leik í júlí s. l. þá eg ásamt bílstjóra
átti setja hey inn að Stóra Botni
og vegna einhverra atvika drógst
í nokkra daga að greiða það
dróttaði hann þá að okkur að hafa
hagnast sjálfir á því — en RR greiddi
vinnuna til min, og í hennar tíma tókst
mér ~~tókst~~ að innheimta þessa upphæð.
Eða margar óþverra ferðir að dunda
við bát sem hann átti hangandi í
Ægisgarði.
Eða eftir hálfgert rupplarastarf

við að týna saman heimilisleifar hans að Svanastöðum með bíl-stjóra RR (þá) og vörubíl í 2 daga fengum við megnustu óþökk og ótvíræðs aðdróttum um miður sæmilega hegðun gagnvart drasli þessu, enda bætir ei þagnar við ílt og vanþakklátt starf, ef skil-vislega er greitt; öll áðurgreind hliðarspor við starfsvið RR voru samkv.- skipum skráð á aukningu spennistöðva, og þarri se það mér að efast um að það hafi verið með fyllsta leyfi og eftirliti; en furðaði mig því mjög á hve fálega mér var tekið með smávidvik til að bjarga mér í vandræðunum.

Nú spyr eg með fullum borgaralegum rétti: Eru stöðvar veittar og setnar með það fyrir markmið að

skapa þeim ~~fáum~~ fáu einstaklingum aukin hlunnindi

Einar B[illegible]
Njarðarg. 37.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur